



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

**VIÐNÁMSMÆLINGAR
VIÐ INNANVERÐAN FAXAFLÓA**

Úrvinnsluaðferðir og gögn

Lúðvík S. Georgsson

OS-85112/JHD-65 B

Desember 1985



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer : 511-111

**VIÐNÁMSMÆLINGAR
VIÐ INNANVERÐAN FAXAFLÓA
Úrvinnsluaðferðir og gögn**

Lúðvík S. Georgsson

OS-85112/JHD-65 B

Desember 1985

EFNISYFIRLIT

Bls.

FORMÁLI.....	3
I. HLUTI: FRAMKVÆMD OG TÚLKUN VIDNÁMSMÆLINGA.....	5
1 UM EDLISVIÐNÁM BERGS.....	6
2 FRAMKVÆMD VIDNÁMSMÆLINGA.....	6
3 ÚRVINNSLA VIDNÁMSMÆLINGA.....	8
3.1 Almenn atriði.....	8
3.2 Einvíð túlkun.....	8
3.3 Óvissa og jafngildislög í einvíðri túlkun.....	9
3.4 Tvívíð túlkun.....	11
HEIMILDIR.....	11
II. HLUTI: STAÐSETNING SCHLUMBERGER-VIDNÁMSMÆLINGA VID INNANVERÐAN FAXAFLÓA.....	13
INNGANGUR.....	14
STAÐSETNINGARKORT VIDNÁMSMÆLINGANNA.....	15
TÖFLUR MEÐ STAÐSETNINGARHNITUM VIDNÁMSMÆLINGANNA.....	20
III. HLUTI: VIDNÁMSMÆLIFERLARNIR OG EINVÍÐ TÚLKUN ÞEIRRA.....	31
HÖFUÐBORGARSVÆÐI.....	32
KJÓSARHREPPUR.....	65
ÞINGVALLAHREPPUR.....	70
BORGARFJARDARSÝSLA.....	72
MÝRASÝSLA.....	103

FORMÁLI

Þessi B-skýrsla er eins konar fylgirit eða viðauki við skýrsluna: "Höfuðborgarsvæði - Borgarfjörður, niðurstöður viðnámsmælinga" (Lúðvík S. Georgsson 1985) en er einungis ætluð þeim sem hafa áhuga á þeim gögnum og úrvinnsluaðferðum sem byggt er á þar. Venjulega hefur þetta efni verið sett í viðauka, en vegna mikils umfangs þótti hentugra að gefa það út sem sérstaka gagnaskýrslu enda á þetta ekki erindi til nema fárra samanborið við aðalskýrsluna.

Fyrsti hluti þessarar skýrslu fjallar almennt um framkvæmd viðnámsmælinga, túlkun þeirra og nytsemi. Í öðrum hluta hennar eru birt kort, sem sýna staðsetningu allra mælinganna sem stuðst er við, auk taflna þar sem gefin eru upp staðsetningarhnit þeirra. Í þriðja hlutanum eru loks birtir allir mæliferlarnir, leiðréttir mæliferlar þar sem áhrif sjávar hafa verið reiknuð burt og reiknaðir ferlar sem samsvara besta reiknaða líkani en líkanið er sýnt undir ferlunum.

I. HLUTI

FRAMKVÆMD OG TÚLKUN VIDNÁMSMÆLINGA

1 UM EÐLISVIÐNÁM BERGS

Viðnámsmælingar beinast að því að mæla hvernig eðlisviðnám berglaga gegn rafstraumi breytist með dýpi frá einum stað til annars. Eðlisviðnám berglaga getur verið afar mismunandi, enda er það háð ýmsum breytistærðum. Þær mikilvægustu eru vatnsinnihald bergsins, selta jarðhitavökvans (m.ö.o. magn uppleystra efna), hiti og síðast en ekki síst gerð bergsins, s.s. lögun og stærð hola, glufna og sprungna. Sé berg mettað vökva fer eðlisviðnám lækkandi með:

1. Auknu seltumagni jarðvökva
2. Hækkandi hita
3. Auknu holrými bergs


Á jarðhitasvæðum er berg venjulega vatnssósa neðan við ákveðið dýpi. Þeir þrír þættir, sem ráða að mestu eðlisviðnámi bergsins, eru að meira eða minna leyti tengdir innbyrðis. Þannig eykst t.d. selta jarðvatns með hækkandi hita. Á undanfórnum árum hafa verið gerðar á Orkustofnun allítarlegar rannsóknir á tengslum eðlisviðnáms bergs við aðra eðliseiginleika bergsins (Ólafur G. Flóvenz o.fl. 1985). Mikilvægustu niðurstöðurnar eru ef til vill þær að þegar áhrif utanaðkomandi seltu (sjávarseltu) eru ekki ríkjandi í grunnvatninu, þá er það yfirborðsleiðni í samtengdum sprungum og glufum, sem hefur mest áhrif á eðlisviðnámið, en hún er fyrst og fremst háð hita og holrými (þ.e. yfirborði sprungna og glufa í berginu).

2 FRAMKVÆMD VIÐNÁMSMÆLINGA

Viðnámsmælingar skiptast í tvo flokka, jafnstraumsmælingar og riðstraumsmælingar. Eftir 1970 hefur nær eingöngu verið beitt jafnstraumsmælingum við jarðhitaleit á Íslandi.

Jafnstraumsmælingar fara þannig fram, að jafnstraumi er hleypt niður í jörðina gegnum tvö straumskaut. Spennunurinn, sem myndast við það á yfirborði jarðar, er mældur með tveim öðrum rafskautum. Til eru ýmsar tegundir jafnstraumsmælinga með mismunandi innbyrðis afstöðu straum- og spennuskauta. Algengast er, að þau séu á beinni línu, straumskaut yst og spennuskaut mitt á milli. Ef fjarlægð milli spennuskauta er höfð mun minni en fjarlægð milli straumskauta, er mæliuppsetningin nefnd Schlumberger-uppsetning.

Fjarlægð milli straumskauta er höfð a.m.k. fimmföld fjarlægð milli spennuskauta. Schlumberger-uppsetning er langmest notuð hér á landi og er fyrst og fremst átt við hana, þegar rætt verður um viðnámsmælingar hér á eftir. Uppsetningin er sýnd á 1. mynd.



1. mynd. Schlumberger-uppsetning viðnámsmælinga.

Eins og fram kemur af myndinni sendir straumgjafi út straum milli skautanna A og B. Straumur dreifist um jörðina og nær því dýpra niður sem lengra er milli straumskauta. Spennunurinn, V (volt), sem við þetta myndast milli skautanna M og N er mældur með spennumæli. Hann er háður styrk útsends straums I (amper), innbyrðis afstöðu rafskauta og eðlisviðnámi þeirra jarðlaga (ohmm), sem straumurinn fer um.

Svonefnt sýndarviðnám (ρ_a) er reiknað út samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$\rho_a = K \cdot V / I$$

Fastinn K er einungis háður innbyrðis afstöðu straum- og spennuskauta.

Eins og áður sagði er straumdreifingin í jörðinni háð fjarlægð milli straumskautanna. Á myndinni er fjarlægðin milli þeirra mun minni en þykkt efra lagsins og nær allur straumurinn berst eftir því. Sýndarviðnámið verður því jafnt raunverulegu eðlisviðnámi efra lagsins, þ.e. 100 ohmm. Til þess að fá upplýsingar um viðnámsdreifingu neðar í jörðinni er fjarlægð milli straum-

skauta smám saman aukin. Þegar fjarlægðin er orðin mun meiri en þykkt efra lagsins, fer straumurinn nær eingöngu eftir neðra laginu og reiknað sýndarviðnám nálgast því raunverulegt eðlisviðnám neðra lagsins, þ.e. 20 ohmm.

Líkön af eðlisviðnámi jarðlaga eru sjaldan jafn einföld og það tveggja laga líkan sem hér hefur verið lýst. Í raun er jörðin samsett úr miklum fjölda örþunnra viðnámslaga. Uppleysanleiki mælinga er hins vegar ekki meiri en svo, að oftast eru fjögur til sex lög látin nægja. Grunnhugmyndin verður eftir sem áður hin sama, en útfærslan (úrvinnslan) verður ögn flóknari, þegar fengist er við fjögur til sex lög í stað tveggja.

Í Schlumbergermælingum er fjarlægð milli straumskauta aukin smám saman og sýndarviðnám mælt fyrir hvert straumskautabil. Mælt sýndarviðnám er teiknað sem fall af hálfri fjarlægð milli straumskauta (AB/2) á tvílogaritmiskan pappír. Dæmi um slíka viðnámsferla er að finna í 3. hluta skýrslunnar. Mælingaflokkar Orkustofnunar skila niðurstöðum mælinga frá sér á þessu formi til þeirra, sem annast úrvinnslu.

3 ÚRVINNSLA VIÐNÁMSMÆLINGA

3.1 Almenn atriði

Úrvinnsla viðnámsmælinga er tvíþætt. Í fyrsta lagi þarf að túlka sýndarviðnámsferlana, þ.e. lesa úr þeim "raunverulegt" viðnám jarðar og draga saman niðurstöður einstakra viðnámsmælinga í heildarmynd af viðnámsdreifingu svæðisins.¹ Í öðru lagi er viðnámsdreifingin borin saman við aðrar rannsóknir á svæðinu, s.s. jarðfræði, segul- og þyngdarmælingar, efnafræði- og smáskjálftarannsóknir o.s.frv. Þannig fæst (vonandi) heilsteypt mynd af viðnámsdreifingunni, sem er svo tengd ýmsum jarðhitalegum þáttum, sem ákvarða gerð og lögun jarðhitasvæðis, eins og hita, holrými, ummyndun, seltu, fasa o.s.frv.

Á jarðhitadeild Orkustofnunar eru til forrit, sem túlka viðnámsmælingar einvítt eða tvívítt. Erlendis er unnið að þróun forrita, sem túlka viðnámsmælingar þrívítt. Geysiviðamikil tölvuvinnsla háir þeirri þróun enn sem komið er.

3.2 Einvíð túlkun

Í einvíðri túlkun viðnámsmælinga er gert ráð fyrir því, að jörðinni sé skipt í lárétt lög með óendanlega útbreiðslu. Sérhvert lag hefur fasta þykkt og viðnám. Fjölda laga má ákvarða út frá lögun sýndarviðnámsferils, en að því loknu er reiknað út viðnám og þykkt einstakra laga. Fram til ársins 1978 var

það gert með samanburði eftir auganu við fræðilega reiknaða sýndarviðnámsferla.

Árið 1978 eignaðist Jarðhitadeild Orkustofnunar forritið CIRCLE2, sem túlkar viðnámsmælingar einvítt (Johansen 1977, Ásmundur Jakobsson og Gylfi Páll Hersir 1978). Forritið er sjálfvirkt á þann hátt, að tölvan er mötuð á mæligildum, fjölda laga og ágiskunum byrjunargildum fyrir viðnám og þykkt sérhvers lags. Síðan leitar tölvan uppi það viðnámslíkan fyrir þennan laga-fjölda, sem gefur útreiknaðan sýndarviðnámsferil, sem fellur best að mældum sýndarviðnámsferli.

Árið 1984 var svo forritið ELLIPSE skrifað á Orkustofnun, en það er byggt á sama grunni og CIRCLE2 en hefur að auki ýmsa kosti fram yfir það, sem nýtast einkum á háhitasvæðum. Má þar nefna að tillit er tekið til ósamfella sem geta myndast við útfærslur spennuskauta og fleira.

Ýmsir gallar eru þó á þessari túlkunaraðferð. Hún leiðir einungis af sér lausnir sem fela í sér fá viðnámslög. Í raun má því segja að viðnámsgildi einstakra laga séu eins konar vegin meðalgildi viðnáms yfir ákveðin dýptarbil. Auk þess eru alltaf einhverjar viðnámsbreytingar í lárétta stefnu. Ef þær eru óverulegar á svæði, sem nemur lengd straumarms (AB/2) umhverfis sitthvort straumskaut, er einvíð túlkun talin góð og gild.

Unnið er að þróun forrita, sem túlka viðnámsmælingar einvítt, en jörðinni ekki skipt niður í ákveðin viðnámslög, heldur er viðnámi sem fall af dýpi leyft að breytast samfellt (Oldenburg 1978). Þessi forrit eiga allnokkuð í land áður en þau geta leyst fyrrnefnda aðferð af hólmi.

3.3 Óvissa og jafngildislag í einvíðri túlkun

Sérhvert sýndarviðnámsgildi er mælt með ákveðinni óvissu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu skekkjuvöldum og þeim afleiðingum í túlkun niðurstaða, sem óvissan hefur í för með sér.

Ákveðin óvissa er bæði í mælingu útsends straums og við aflestur spennufallsins, sem straumurinn skapar. Þá er óvissa í ákvörðun á fjarlægð milli rafskauta. Viðnámsdreifingin er aldrei algerlega einvíð og því falla mæld sýndarviðnámsgildi mismunandi vel að reiknuðum sýndarviðnámsferlum. Ýmislegt getur skammhleypt útsendum straumi og valdið skekkju í mæligildum, má þar nefna ýmis konar jarðlagningar t.d. jarðtengingar milli háspennustaura, jarðsímalínur og í minna mæli girðingar og ýmislegt járnadrasl. Þá getur sjór skammhleypt straumnum. Ef straumur skammhleypur, mælist minna spennufall en ella og sýndarviðnám mælist því lægra en það raunverulega er. Ýmsir aðrir skekkjuvaldar eru fyrir hendi, t.d. vegna mælitækja, óreglulegs landslags

(fjöll, dalir), eiginspennu í jörðu o.s.frv.

Flestir þessarar óvissu- eða skekkju-liða eru óháðir hver öðrum. Venja er að draga saman alla skekkjuvalda og meta heildaróvissuna sem 3,5% af mældu sýndarviðnámsgildi að viðbættu staðalfrávik í sérhverjum mælipunkti. Yfirleitt vex staðalfrávik með vaxandi straumarmslengd og skiptir fyrst verulegu máli, þegar hálf fjarlægðin milli straumarma (AB/2) er orðin 1000 m. Ástæður fyrir þessu eru einkum tvær. Annars vegar minnkar spennufall með vaxandi straumarmslengd og mælióvissan verður þar af leiðandi hlutfallslega stærri. Hins vegar valda segulsviðsstraumar í háloftum jarðstraumum, sem skapa spennufall sem ýmist leggst við eða dregst frá "réttum spennunum". Sum mæligildi verður því að mæla mörgum sinnum og taka síðan vegið meðaltal, þar sem staðalfrávik er haft til viðmiðunar.

Mælingar, sem eru of nærri sjó, sýna kerfisbundið of lág viðnámsgildi. Fyrir þetta má leiðrétta og er ástæða til að gera það ef mælimiðja er innan við 1 km frá ströndinni. Til þess er notað sérstakt forrit byggt á líkani sem Mundey og Worzyk (1979) settu fram, þar sem gert er ráð fyrir að áhrif sjávar megi nálga með áhrifum frá þunnri hálfóendanlegri og algjörlega leiðandi plötu. Þetta verður auðvitað ekki annað en nálgun á réttu gildi, en yfirleitt fæst gott samræmi milli mælinga með þessari leiðréttingaraðferð ef mælimiðjan er ekki nær ströndinni en nemur 200 m. Þegar fjarlægðin fer niður fyrir það er rétt að taka niðurstöðum með mikilli varúð. Allar mælingar í þessari skýrslu, sem ætla mátti að sjórinn hefði umtalsverð áhrif á, voru leiðréttar með þessu forriti og gafst það vel. Þó verður að taka niðurstöðum mælinga á Álftanesi, Seltjarnarnesi og í Reykjavík með mikilli varúð enda eru þær flestar of nálægt sjó.

Ef sérhvert sýndarviðnámsgildi ákveðinnar mælingar væri án óvissu og skekkju væri eftirleikurinn auðveldur, því eitt og aðeins eitt jarðlagalíkan svaraði þá til þess sýndarviðnámsferils, sem mældur er. Áhrif óvissu á túlkun má skipta í tvennt. Annars vegar eru þættir sem hafa bein áhrif og setja þykkt og viðnámi einstakra jarðlaga ákveðin óvissumörk. Hins vegar eru jarðfræðilegir þættir, þ.e. ákveðin gerð jarðlaga, sem hefur óbein áhrif en myndar svokölluð jafngildislag. Með því er átt við, að allar lausnir, sem fást með því að breyta viðnámi og þykkt svona jarðlags, eru jafngildar, þar sem þær gefa sama feril innan óvissumarka. Innan þeirra má breyta þykkt viðkomandi jarðlags og viðnámi að vild sé þess gætt að annaðhvort margfeldi þykktar og viðnáms sé fasti (t-jafngildislag) eða hlutfall á milli þykktar og viðnáms (s-jafngildislag). Jafngildislag kemur fram þegar þykkt ákveðins jarðlags er svipuð eða minni en dýpið niður á það og ef það er milli tveggja jarðlaga sem bæði hafa lægra við nám (t-jafngildislag), eða ef það er milli tveggja jarðlaga sem bæði hafa herra við nám (s-jafngildislag). Ef jarðlagalíkan gerir ráð fyrir jafngildislagi og því er breytt í samræmi við það sem sagt var hér að framan má að vísu fá fram mismunandi sýndarviðnámsferla. En

munurinn á þeim er það lítill, að þeir verða allir innan óvissumarka mælds sýndarviðnámsferils.

Einn aðalkosturinn við forritin ELLIPSE og CIRCLE2 er, að þau gera mjög góða grein fyrir því, hvaða þýðingu mæld óvissa í sýndarviðnámi hefur fyrir óvissu á þykkt og viðnámi einstakra jarðlaga. Auk þess gera þau góða grein fyrir, hvernig einkennisstærðir jarðlaga (þykktir og viðnám) eru háðar hver annarri. Þá má sjá, hvað er vel ákvarðað og hvað ekki, sem og hver eru hæstu og lægstu möguleg gildi, sem þykkt og viðnám einstakra jarðlaga geta haft, miðað við mældan sýndarviðnámsferil og óvissumörk hans.

Við túlkun mælinga á höfuðborgarsvæði og í Borgarfirði var eingöngu notað forritið CIRCLE2 þar sem reynslan hefur sýnt að ekki er heppilegt að túlka eldri mælingar með ELLIPSE.

3.4 Tvívíð túlkun

Árið 1981 eignaðist Orkustofnun forrit, sem túlkar viðnámsmælingar tvívítt, þ.e.a.s. upplýsingar fást bæði um lárétta lagskiptingu viðnáms (einvíð túlkun) og viðnámsbreytingar í eina stefnu í láréttum fleti (Dey 1976, Dey og Morrison 1976, Halldór Halldórsson 1982). Því miður leyfðu gögnin á Höfuðborgarsvæðinu ekki tvívíða túlkun þar sem mælingar eru mjög óreglulega staðsettar og ekki mældar nógu þétt til að standa undir slíkri túlkun. Ef meira verður viðnámsmælt á Höfuðborgarsvæðinu í næstu framtíð er nauðsynlegt að leggja mælingarnar þannig út að tvívíð túlkun þeirra verði möguleg, einkum næst jarðhitasvæðunum.

HEIMILDIR

- Ásmundur Jakobsson og Gylfi Páll Hersir 1978: Forritið CIRCLE2 til túlkunar viðnámsmælinga. Orkustofnun, OS-JHD-7844, 15 bls.
- Dey, A. 1976: Resistivity modeling for arbitrary shaped two-dimensional structures. Part 2: User's guide to the FORTRAN algorithm RESIS2D. Berkley, Lawrence Berkeley Laboratory, LBL-5283.
- Dey, A. og H. F. Morrison 1976: Resistivity modeling for arbitrary shaped two-dimensional structures. Part 1: Theoretical formulation. Berkley, Lawrence Berkeley Laboratory, LBL-5223.

Halldór Halldórsson 1982: Lýsing á tvívíðu viðnámsforriti DIM2. Orkustofnun.

Johansen, H.K. 1977: A man/computer interpretation system for resistivity soundings over a horizontally stratified earth. Geophys. Prosp. 25: 667-691.

Lúðvík S. Georgsson 1985: Höfuðborgarsvæði - Borgarfjörður, niðurstöður viðnámsmælinga. Orkustofnun, OS-85111/JHD-14, 42 bls.

Mundrey, E. og P. Worzyk 1979: On the coastal effect on geoelectrical soundings. J. Geophys. 45: 329-336.

Ólafur G. Flóvenz, Lúðvík S. Georgsson og Knútur Árnason 1985: Resistivity Structure of the Upper Crust in Iceland. J. Geophys. Res. 90: 10136-10150.

II. HLUTI


STADSETNING SCHLUMBERGER-VIDNÁMSMELINGA VIÐ INNANVERÐAN FAXAFLÓA

INNGANGUR


Eftirfarandi myndir sýna staðsetningu allra viðnámsmælinga á höfuðborgarsvæði, í Hvalfirði og í Borgarfirði. Innbyrðis afstaða myndanna er sýnd á 1. mynd, en staðsetningarkortin á 2.-6. mynd. Aftan við myndirnar í töflum 1-5 er staðsetning þessara viðnámsmælinga einnig gefin í hnitum. Til þess eru notuð Mercator-hnitin á bandarísku AMS-kortunum í mælikvarða 1:50.000.

Við töflurnar þarf að gera tvær athugasemdir. Hnitakerfi eldri AMS-kortanna (gefin út um 1950) ber ekki saman við hnitakerfi endurskoðuðu kortanna (frá 1977). Þau síðarnefndu munu vera rétt. Öll hnit, sem eru byggð á eldri kortunum, eru stjörnumerkt og eins og sjá má nær þetta yfir allar mælingar í Mýrasýslu og nyrðri hluta mælinga í Borgarfjarðarsýslu. Til að leiðrétta fyrir þetta þarf að draga um 0,25 (250 m) frá stjörnumerktum lengdarhnitum en breiddarhnitin eru nærri lagi.


Þá er einnig rétt að fram komi að númerum mælinga ber ekki alltaf saman við eldri skýrslur. Í þessari skýrslu er notað samræmt númerakerfi, sem er byggt upp á eftirfarandi hátt: Fyrsti stafurinn í heiti mælingar segir til um sýsluna. Næstu 1-2 stafir (eftir þörfum) gefa til kynna hreppinn. Innan einstakra hreppa eru mælingar svo aðskildar með hlaupandi númeraröð, þar sem elstu mælingarnar eru venjulega með lögstu númerin. Á höfuðborgarsvæðinu hafa þó allar mælingar einkennisstafina HB. Eldri heiti mælinga koma fram í töflunum.



1. mynd. Afstöðumynd af staðsetningarkortum viðnámsmælinga við innanverðan Faxaflóa



2. mynd. Staðsetningarkort viðnámsmælinga á Höfuðborgarsvæði.



3. mynd. Staðsetningarkort viðnámsmælinga í nærsveitum Hvalfjarðar.

SKÝRINGAR

- Viðnámsmæling
- Sýslu- eða hreppamörk

BHV Heiti mælinga í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu


4. mynd. Staðsetningarkort viðnámsmælinga í Borgarfjarðardölum


SKÝRINGAR

13 Viðnámsmæling


Sýslu- eða hreppamörk

MHV Heiti mælinga í Hvitársíðhreppi
í Mýrasýslu





5. mynd. Staðsetningarkort viðnámsmælinga í Hraunhreppi á Mýrum.



6. mynd. Staðsetningarkort viðnámsmælinga á Arnarvatnsheiði.

TAFLA 1: Staðsetning Schlumberger-viðnámsmælinga á höfuðborgarsvæði 1970-1980.

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
HB 2	D-02	1970	4 67,50	71 13,20	NA-SV	Um 500 m norðan Hafrvatns
HB 4	D-04	1970	75,95	20,85	ASA-VNV	Stardalur, við skúr vestan bæjar
HB 5	D-05	1970	75,05	20,90	ASA-VNV	Sámsstaðir, um 500 m austan rústa
HB 6	D-06	1970	69,75	16,95	A-V	Norður-Reykir, við borholu
HB 7	D-07	1970	71,00	20,35	ANA-VSV	Leirvogsa, sunnan Þveráarkotsháls
HB 8	D-08	1970	76,25	19,50	ANA-VSV	Við Þjóðveg, vestan Leirvogsvatns
HB 9	D-09	1970	72,15	04,45	SA-NV	Sandskeið, norðan flugvallar
HB 10	D-10	1970	68,80	10,70	NA-SV	Um 400 m norðan Miðdals
HB 12	D-12	1970	61,90	12,10	NA-SV	Keldur
HB 13	D-13	1970	61,65	05,75	NA-SV	Heiðmörk, sunnan Elliðavatns
HB 14	D-14	1971	74,75	18,70	NA-SV	Um 500 m austan Seljabrekku
HB 15	D-15	1971	67,25	15,05	SA-NV	Um 300 austan Teigs og Sólvalla
HB 16	D-16	1971	69,25	16,50	NA-SV	Skammaskarð
HB 17	D-17	1971	69,60	17,40	A-V	Laugaból, meðfram Þjóðvegi
HB 18	D-18	1971	72,35	17,95	A-V	Við veg 700 m ofan við Gljúfrastein
HB 19	D-19	1971	66,55	14,20	SA-NV	Undir austurhlíðum Úlfarsfells
HB 20	D-20	1971	71,75	19,00	NA-SV	1 km norðaustan Minna-Mosfells
HB 21	D-21	1971	71,10	16,50	N-S	Helgadalur
HB 22	D-22	1971	66,45	18,60	A-V	Skammt norðaustan við Fitjakot
HB 23	D-23	1971	66,45	16,60	NA-SV	Markholt, 500 m norðan Brúarlands
HB 24	D-24	1971	74,05	20,80	ANA-VSV	Tröllafoss, 100 m austan borholu
HB 25	D-25	1971	78,50	20,70	N-S	Skálafellsafleggjari
HB 26	D-26	1971	73,80	22,30	A-V	Skarðsa, undir Móskaðahnúkum
HB 27	D-27	1971	72,80	22,80	NV-SA	Í mynni Þverárdals
HB 28	D-28	1971	70,15	20,60	A-V	Leirvogsa, fyrir mynni Grafardals
HB 29	D-29	1971	81,25	20,25	SA-NV	Litla-Sauðafell, við veg
HB 30	D-30	1971	72,20	20,65	A-V	Við mót Leirvogsa og Þverár
HB 31	D-31	1971	67,35	13,30	NA-SV	Um 600 m norðan Hafrvatns
HB 32	D-32	1971	74,15	17,50	A-V	Bringur, skammt norðan bæjarrústa
HB 33	D-33	1971	76,30	13,60	NA-SV	Borgarhólar, við gamla Þingvallaveg
HB 35	D-35	1971	69,35	18,00	A-V	Hrísbrú, skammt sunnan bæjar
HB 36	D-36	1971	63,00	14,60	NA-SV	Um 300 m norðaustan Korpúlfsstaða
HB 38	D-38	1971	59,35	08,70	NNA-SSV	Breiðholt við Breiðholtsbraut
HB 39	D-39	1971	50,35	09,95	NA-SV	Landakot á Álftanesi
HB 40	D-40	1971	50,70	09,05	NA-SV	Bessastaðir, við vegamót
HB 41	D-41	1971	51,75	08,00	SA-NV	Lambhúsatjörn, meðfram Þjóðvegi
HB 43	D-43	1971	52,20	07,65	NA-SV	Nýibær, við Þjóðveg
HB 44	D-44	1971	53,20	06,90	N-S	Garðahraun, við Þjóðveg
HB 45	D-45	1972	54,75	05,70	N-S	Þórsberg, austan Hafnarfjarðar

TAFLA 1: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
HB 47	D-47	1972	4 50,40	71 15,05	NA-SV	Yst á Seltjarnarnesi
HB 48	K-1	1972	59,70	25,70	N-S	Langholt, meðfram Þjóðvegi
HB 49	K-2	1972	60,55	23,90	SSA-NNV	Vallá, austan bæjarhúsa
HB 50	K-3	1972	62,45	21,80	SA-NV	Esjuberg, norðan bæjarhúsa
HB 51	K-4	1972	65,75	20,60	A-V	Kollafjörður við laxeldisstöð
HB 52	K-5	1972	67,30	20,55	A-V	Um 1 km austan Kollafjarðar
HB 53	K-6	1972	68,80	20,50	A-V	Norðurgröf, skammt sunnan bæjar
HB101		1974	62,00	13,20	NNA-SSV	Vestan Keldnaholts
HB102		1974	63,95	15,75	NA-SV	Blikastaðir, við Hrossaskjólás
HB103		1974	66,95	12,50	NNA-SSV	Við vesturenda Hafravatns
HB104		1974	63,45	17,90	NA-SV	Álfsnes, við Glóru
HB105		1974	65,85	11,00	NNA-SSV	Við vesturenda Langavatns
HB106		1974	64,90	13,00	SA-NV	Sunnan undir Úlfarsfelli
HB107		1974	62,95	13,15	N-S	Við Keldnaholt
HB108		1974	63,80	12,30	NNA-SSV	Úlfarsá, 500 m austan bæjar
HB109		1975	63,70	14,05	NA-SV	Korpúlfsstaðir, meðfram Þjóðvegi
HB110		1975	72,45	05,45	NA-SV	Norðan Sandskeiðs
HB111		1975	63,45	15,10	NA-SV	Um 750 m norðan Korpúlfsstaða
HB112		1975	60,95	12,50	SA-NV	Meðfram vegi norðan Grafarvogs
HB113		1975	54,85	00,80	ANA-VSV	Suðaustan Selhöfða
HB114		1975	76,85 ?	21,40 ?	A-V	Stardalur, í Háumýri
HB115		1975	63,70	14,70	N50°A	Blikastaðir, við Korpu
HB116		1975	70,45	16,45	ASA-VNV	Norðanaustan umdör Æsustaðafjalli
HB117		1975	71,15	16,95	N176°A	Skammt sunnan Hraðastaða
HB118		1975	70,85	16,05	N141°A	Helgadalur, við Norðurreykjaá
HB119		1975	67,60	16,30	ASA-VNV	Helgafell, við bæinn
HB120		1975	64,15	18,75	ASA-VNV	Við heimreið að Álfsnesi
HB121		1974	63,80	17,35	A-V	Víðines, norðan bæjar
HB122		1974	65,05	18,30	NA-SV	Álfsnes, 500 m norðan Vogs
HB123		1974	67,75	20,00	NA-SV	Um 1 km sunnan við Velli
HB124		1974	64,85	16,05	NA-SV	Hlaðhamrar - Lágahlíð
HB125		1974	68,95	20,10	NA-SV	Norðurgröf, við Leirvogsá
HB126		1974	58,65	05,70	NA-SV	Sandhlíð, austan Vífilsstaðavatns
HB127		1974	60,35	07,60	NA-SV	Vatnsendi, austan útvarpssenda
HB128		1974	55,45	04,70	NA-SV	Hádegisholt, sunnan Urriðavatns
HB129		1974	53,70	04,00	NA-SV	Við Hafnarfjarðarkirkugarð
HB130		1974	51,45	03,95	NA-SV	Hvaleyrarholt, við Sæðyrasafn
HB131		1974	69,35	13,25	NNA-SSV	Reykjaborg, 1,5 km við Borgarvatn

TAFLA 1: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
HB132		1974	4 71,20	71 13,85	NNA-SSV	Torfdalur, norðan Bjarnarvatns
HB133		1974	69,90	15,10	NNA-SSV	Austan í Reykjafelli
HB134		1974	67,10	19,00	NA-SV	Varmidalur, við Leirvogsa
HB135		1974	65,55	19,45	NA-SV	Naustanes, við heimreið
HB136		1974	73,30	19,55	NA-SV	Skógarbringur, austan Leirtjarnar
HB137		1974	75,25	20,05	NA-SV	Um 1 km norðaustan Leirtjarnar
HB138		1975	65,20	15,40	ASA-VNV	Um 200 m sunnan Lágafellskirkju
HB139		1975	62,80	14,55	NA-SV ?	Korpúlfsstaðir, norðan bæjar
HB140		1975	69,95	07,90	NA-SV	Suðaustan við Selvatn
HB141		1975	66,35	09,05	NA-SV	Við heimreið að Höfða
HB142		1975	62,70	10,05	ASA-VNV	Norðaustan við Rauðavatn
HB143		1975	63,35	06,20	N-S	Elliðavatnsheiði, sunnan Jaðars
HB144		1975	61,70	11,05	A-V	Smálönd, við golfvöll
HB145		1975	57,85	08,45	A-V	Við Fífuhvamm í Kópavogi
HB146		1975	56,25	07,90	A-V	Austan Silfutúns í Garðabæ
HB147		1975	71,35	07,00	NA-SV	Milli Selvatns og Lyklafells
HB148		1975	69,95	04,15	NA-SV	Vestan við Sandskeið
HB149		1975	68,20	18,75	NA-SV	Vestan undir Mosfelli
HB150		1975	71,15	16,85	A-V	Hraðastaðir í Helgadal
HB151		1975	66,05	15,25	NA-SV	Suðaustan Lágafells
HB152		1975	67,50	17,05	ANA-VSV	Norðvestan undir Helgafelli
HB153		1975	64,45	09,90	NA-SV	Reynisvatnsheiði
HB154		1975	67,85	08,10	NA-SV	Sólheimakot
HB155		1975	70,50	18,00	N91°A	Mosfell - Mosbækki, við veg
HB156		1975	69,00	18,10	N96°A	Hrísbrú, vestan bæjar
HB157		1975	69,40	16,05	N120°A	Skammaskarð
HB158		1975	67,45	14,65	N116°A	Sólvellir, 60 m vestan borholu
HB159		1975	66,50	14,60	N111°A	Austan Lágafellshamra
HB160		1975	62,50	11,20	N70°A	Grafarholt, við golfskála
HB161		1975	57,40	10,65	A-V	Fossvogsdalur, við Réttarholtsveg
HB162		1975	55,10	11,90	SSA-NNV	Öskjuhlíð, vestan vatnsgeyma
HB163		1975	55,30	11,00	A-V	Fossvogur, sunnan kirkjugarðs
HB164		1975	54,30	12,80	SA-NV	Umferðarmiðstöðin
HB165		1975	53,10	12,90	SSA-NNV	Ægissíða í Reykjavík
HB166		1975	56,60	11,20	N-S	Borgarspítalinn
HB167	K-07	1975	62,45	21,45	NV-SA	Esjuberg, 400 m sunnan bæjar
HB168	K-08	1975	62,70	21,45	NV-SA	Esjuberg, við rústir Grundar
HB169	K-09	1975	62,95	21,40	NV-SA	Esjuberg við Gljúfurdalsá
HB170		1976	57,70	00,15	N20°A	Skammt norðan Kaldársels

TAFLA 1: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
HB171		1976	4 69,40	70 96,45	N42°A	Bláfjöll, við sýslumörk
HB172	KJ-10	1974	59,65	71 28,85	NA-SV	Tíðaskarð, við Þjóðveg
HB173		1977	68,70	10,65	N14°A	Um 400 m norðan Miðdals
HB174		1977	71,25	18,60	N150°A	Um 500 m norðan Laxness
HB175		1977	60,95	16,25	N125°A	Í miðju Geldinganesi
HB176		1977	73,40	19,55	N126°A	Skógarbringur, austan Leirtjarnar
HB177		1977	63,50	21,05	N104°A	Um 1,2 km suðaustan Esjubergs
HB178		1977	69,40	11,60	N46°A	Þormóðsdalur, austan Hafravatns
HB179		1977	67,40	17,95	N53°A	Leirvogstunga, austan Þjóðvegjar
HB180		1977	61,75	14,05	N50°A	Austan fjarskiptastöðvar Gufunesi
HB181		1977	63,70	20,85	N82°A	Við malarnámu norðan Kollafjarðar
HB182		1978	79,20	22,85	N48°A	Við skíðaskála ÍK, Skálafelli
HB183		1980	64,00	07,95	N120°A	Rauðhólar, meðfram Þjóðvegi

TAFLA 2: Staðsetning Schlumberger-viðnámsmælinga í Kjósarhreppi.

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
KK 1	KJ-1	1974	4 77,70	71 27,05	NNA-SSV	Svínadalur
KK 2	KJ-2	1974	73,60	34,60	NA-SV	Norðan Laxár, gegnt Hurðarbaksnesi
KK 3	KJ-6	1974	81,55	27,10	SSA-NNV	Grafarmýri í Kjósarskarði
KK 4	KJ-7	1974	78,00	29,75	NA-SV	Við veg, 1,5 km austan Möðruvalla
KK 5	KJ-9	1974	74,90	31,65	NA-SV	Við suðausturenda Meðalfells
KK 6	KJ-11	1974	63,30	33,00	NA-SV	Með vegi, 2 km norðan Kiðafells
KK 7	KJ-12	1974	70,70	33,45	NA-SV	1,2 km norðvestan Meðalfells
KK 8	KJ-13	1974	68,50	29,25	N-S	Innanverður Eilífssdalur
KK 9	KJ-14	1974	72,00	31,30	A-V	Milli Grjóteyri og Eyja
KK10	KJ-15	1974	70,80	37,65	ANA-VSV	Svörtuklettur norðan Reynivallaháls
KK11	KJ-16	1974	79,90	29,15	SA-NV	Fremriháls, 1 km norðvestan bæjar
KK12	KJ-18	1975	67,10	34,10	A-V	Eyri, 1 km austan bæjar
KK13	KJ-20	1975	68,55	32,05	N-S	Bær, 200 m austan bæjar
KK14	KJ-22	1975	66,65	29,70	A-V	Miðdalur, 1,5 km austan bæjar
KK15		1976	81,65	36,80	N86°A	Brynjudalsá, móts við Skorhaga
KK16		1976	76,05	37,15	N113°A	Hvítanes, sunnan Þjóðvegur
KK17		1976	78,10	35,55	N142°A	Fossárdalur, 700 m sunnan við Foss
KK18		1976	83,60	37,80	N85°A	Ingunnarstaðir, 200 m vestan bæjar
KK19		1976	85,55	37,55	N107°A	Um 300 m vestan Laugarlækjar

TAFLA 3: Staðsetning Schlumberger-viðnámsmælinga í Þingvallahreppi.

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
Áþ 1	KJ-5	1974	4 82,90	71 24,15	NNA-SSV	Fellsendi, 600 m norðan bæjar
Áþ 2	KJ-17	1975	82,15	25,55	N162°A	1,2 km vestan Stíflisdalsvatns
Áþ 3		1976	84,90	25,25	N115°A	Stíflisdalur, milli bæjar og vatns
Áþ 4		1976	92,60	27,25	N16°	Brúsastaðir, 150 m suðaustan bæjar
Áþ 5		1976	95,95	30,25	N79°	Skógarhólar, við rétt
Áþ 6	A-1	1977	85,70	19,10	N62°A	1 km út eftir gamla Þingvallavegi
Áþ 7	A-2	1977	98,75	30,45	N45°A	Sunnan undir Ármannsfelli
Áþ 8		1983	97,80	20,55	N153°A	Meðfram Þjóðvegi í Mjóaneshrauni

IAFLA 4: Staðsetning Schlumberger-viðnámsmælinga í Borgarfjarðarsýslu.

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
Andakílshreppur:						
BA 1	B-1	1975	4 73,60*	71 65,65	N2°A	Hellur, í túni sunnan bæjarhúsa
BA 2	B-2	1975	73,40*	66,45	N93°A	Bær II, rétt norðan bæjarhúsa
BA 3	B-3	1975	71,15*	66,95	N15°A	Við veg, 2 km sunnan Stafholtseyjar
BA 4	B-4	1975	74,20*	67,45	N18°A	Austan Bæjar, við eyðibýlið Keldu
BA 5		1976	72,90*	67,90	N87°A	Langholt, skammt vestan bæjarrústa
BA 6		1976	74,40*	66,50	N168°A	Í túni um 1 km austan Bæjar
BA 7		1976	72,70*	66,00	N177°A	Hvítárbakkavegur, vestan Hellna
BA 8		1976	73,35*	66,45	N0°A	Bær II, rétt norðan bæjarhúsa
BA 9		1976	73,15*	67,45	N167°A	Jaðar, rétt norðan bæjarhúsa
BA10		1976	73,60*	66,25	N162°A	Laugateigur, sunnan gróðurhúsa
BA11		1976	73,50*	67,00	N173°A	Við veg milli Laugarholts og Bæjar
BA12		1976	73,70*	65,90	N165°A	Hellur, rétt norðan gróðurhúsa
BA13		1976	74,10*	68,05	N173°A	Um 1 km norðaustan Laugarholts
BA14	A-10	1977	66,70*	59,05	N20°A	Um 1 km norðan Syðstufossa
BA15		1980	77,80*	63,85	N112°A	Um 300 m vestan við Múlstaði
Hálsahreppur:						
BH 1		1978	4 88,20*	71 71,45	N83°A	Í túni við Úlfsstaði
BH 2		1978	93,50*	75,30	N90°A	Um 500 m vestan Refsstaða
BH 3		1978	88,30*	73,15	N70°A	Við heimreið að rústum Hólakots
BH 4		1978	87,65*	74,75	N96°A	Um 700 m vestan Norðurreykja
BH 5		1980	5 05,30*	74,60	N102°A	Um 500 m vestan Húsafells
BH 6		1980	4 93,55*	72,15	N78°A	Skammt ofan við Uppsali
BH 7		1980	99,15*	73,35	N80°A	Um 400 m suðvestan Stóraáshvers
Hvalfjarðarstrandahreppur:						
BHV 1	LE-1	1976	4 71,85	71 46,75	N65°A	Við veg um 1 km austan Kambshóls
BHV 2	LE-13	1976	63,55	45,15	N109°A	Tunga, vestan heimreiðar
BHV 3	LE-16	1976	63,55	41,90	N105°A	Eystra-Miðfell
BHV 4		1976	85,55	39,95	N107°A	Stóri-Botn, um 700 m vestan bæjar
BHV 5		1977	73,40	42,20	N99°A	Við þjóðveg móts við Djúpagil
BHV 6		1977	75,35	42,05	N88°A	Um 300 m ofan við Bjarteyjarsand
BHV 7		1977	67,50	42,40	N34°A	1,2 km norðaustan Kalastaða
BHV 8		1977	65,05	41,55	N80°A	Um 1 km norðan Kalastaðakots
BHV 9		1977	69,35	42,90	N90°A	1 km norðvestan Saurbæjar
BHV10		1977	71,35	42,55	N79°A	Um 300 m sunnan Ferstiklu
BHV11		1977	76,40	41,95	N75°A	Miðsandur, 1,3 km vestan kamps
BHV12		1977	74,65	47,70	N26°A	Um 150 m neðan Geitabergs

TAFLA 4: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
BHV13		1977	4 70,50	71 46,05	N67°A	Við norðurbakka Eyrarvatns
BHV14		1978	75,05	49,90	N33°A	Við norðurenda Geitabergsvatns
BHV15		1978	77,20	51,10	N100°A	Dragháls, 1 km austan bæjar
BHV16		1978	84,00	40,30	N96°A	Milli Botnskála og Litlabotns
BHV17		1978	79,20	42,05	N94°A	Miðsundur, 750 m norðan Hvalstöðvar
BHV18		1977	80,90	49,55	N117°A	Grafardalur, 250 m sunnan bæjar
Innri-Akraneshreppur:						
BIA 1	LE-6	1976	4 59,85	71 35,35	N50°A	Grafarmelur, undir Akrafjallshlíðum
BIA 2	LE-8	1976	57,25	38,20	N83°A	Um 750 m suðvestan Litlu-Fellsaxlar
BIA 3	LE-9	1976	54,95	37,90	N79°A	Um 500 m suðaustan Bekansstaða
BIA 4	LE-18	1976	58,50	38,20	N110°A	Undir Akrafjalli, við Kúapalla
Leirár- og Melahreppur:						
BLM 1	E-2	1973	4 58,20	71 45,00	N-S	Leirá, skammt frá gömlu lauginni
BLM 2	E-3	1973	56,90	44,35	NA-SV	Geldingaá, 500 m norðan bæjar
BLM 3	E-4	1973	59,30	44,15	A-V	Um 500 m austan Leirárskóla
BLM 4	E-8	1973	58,45	42,00	NA-SV	Um 300 m norðan Beitistaða
BLM 5	E-9	1973	58,95	42,35	A-V	Við Leirárveg 500 m norðan vegamóta
BLM 6	E-10	1973	59,40	41,70	NA-SV	Um 900 m norðaustan við Vogatungu
BLM 7	E-11	1973	59,45	43,30	SA-NV	Um 300 m sunnan Leirárkirkju
BLM 8	E-14	1973	58,00	46,70	N-S	Við Leirá, um 1750 m norðan laugar
BLM 9	LE-10	1976	58,75	45,00	N114°A	Um 300 m austan Leirárlaugar
BLM10	LE-11	1976	52,80	45,05	N0°A	Helgamelur, sunnan Þjóðvegur
BLM11	LE-12	1976	54,95	48,40	N131°A	Ölver
BLM12	LE-14	1976	57,55	47,00	N63°A	Mynni Lambagils
BLM13	LE-15	1976	58,05	45,90	N167°A	Vestan Leirár, 2 km norðan laugar
BLM14	LE-17	1976	58,30	44,30	N4°A	Um 700 m norðan Leirárgarða
BLM15	LE-19	1976	57,40	45,30	N169°A	Baugamelur, um 1 km vestan laugar
BLM16	LE-20	1976	60,90	44,60	N74°A	Við heimreið að Neðraskarði
BLM17	LE-21	1976	59,45	44,70	N4°A	Leirá, um 200 m austan holu L-3
BLM18	LE-22	1976	58,75	45,00	N8°A	Um 300 m austan Leirárlaugar
BLM19	LE-23	1976	59,00	45,20	N104°A	Um 700 m norðaustan Leirárlaugar
BLM20	LE-24	1976	59,05	44,70	N135°A	Leirá, 170 m suðvestan holu L-3
BLM21	LE-25	1976	56,80	45,50	N165°A	Baugamelur, austan Geldingaár
BLM22	LE-26	1976	58,75	45,45	N93°A	Um 500 m norðan Leirárlaugar
BLM23	LE-28	1976	56,45	43,25	N136°A	Geldingaá, um 500 m sunnan bæjar
BLM24	LE-29	1976	56,15	45,15	N22°A	Selhóll við Geldingaá
BLM25	LE-30	1976	57,25	43,60	N119°A	Milli Geldingaár og Leirárgarða

TAFLA 4: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
BLM26	LE-31	1976	56,85	46,25	N144°A	Austan Geldingaár við Hryggi
BLM27	LE-32	1976	60,65	43,00	N77°A	Melkot
BLM28	LE-33	1976	60,15	43,85	N78°A	Um 300 m vestan Hávarðsstaða
BLM29	LE-34	1976	57,70	42,50	N136°A	Lyngholt, um 500 m norðan bæjar
Lundarreykjadalshreppur:						
BL 1	A-4	1977	4 97,45	71 46,50	N22°A	Í Hryggjarsundi sunnan Reyðarvatns
BL 2		1980	84,20*	56,05	N125°A	Við Brautartunguhver
BL 3		1980	91,80	52,50	N125°A	Um 150 m vestan bæjarhúsa á Reykja
BL 4		1980	87,85*	53,95	N93°A	Um 100 m ofan við Brennu
BL 5		1980	75,10*	61,50	N101°A	Um 250 m norðan Skálpastaða
BL 6		1981	78,15*	60,40	N111°A	Við veg, 500 m austan Arnþórsholts
BL 7		1981	80,15*	57,75	N116°A	Í túni, 550 m vestan Snartastaða
BL 8		1981	93,05	50,40	N162°A	Við gamla bæinn í Gilstreymi
BL 9		1981	90,70	52,05	N122°A	Í túni, 250 m neðan við England
BL10		1981	85,60*	56,85	N101°A	Oddsstaðir, 100 m sunnan fjárhúsa
BL11		1982	92,95*	55,30	N112°A	Við Grímsá ofanverða
BL12		1982	5 01,25*	56,60	N116°A	Suðvestur af Fanntófalli
BL13		1983	4 93,35	48,00	N128°A	Um 400 m norðaustan við Eiríkuvatn
BL14		1983	99,80	46,00	N119°A	Raflínuvegur, 1 km austan Uxavatns
Reykholtisdalshreppur:						
BR 1		1977	4 76,50*	71 69,90	N49°A	Klettur, um 300 m norðan bæjarhúsa
BR 2		1977	76,80*	68,85	N36°A	Runnar, við veg að Kletti
BR 3		1977	80,50*	69,95	N60°A	Kleppjárnreykir, sunnan við hver
BR 4		1977	78,85*	69,55	N55°A	Ásgarður, við vegamót
BR 5		1977	80,20*	71,55	N89°A	Deildartunga, vestan Tungukots
BR 6		1977	78,25*	71,50	N40°A	Deildartungufjárhús
BR 7		1977	82,15*	71,45	N89°A	Í túni austan Sturlu-Reykja
BR 8		1978	80,70*	73,85	N37°A	Hurðarbak, í túni austan hvera
BR 9		1978	82,65*	75,30	N66°A	Hurðarbak, Síðumúlanes í Hvítá
BR10		1978	84,80*	75,10	N90°A	Hvítárbakki við Suddu
BR11		1978	83,70*	71,10	N90°A	Um 100 m norðaustan við Nes
BR12		1978	85,75*	70,95	N94°A	Reykholt, sunnan Þjóðvegur
BR13		1978	80,30*	70,90	N164°A	Í túni sunnan Deildartunguhvers
BR14		1978	75,80*	67,75	N20°A	Kroppsmelar, við veiðihús
BR15		1978	83,40*	72,75	N90°A	Í túni, um 600 m vestan Skáneyjar
BR16		1978	82,50*	70,40	N93°A	Í túni sunnan við Velli (Árhver)
BR17		1978	80,30*	70,90	N74°A	Í túni sunnan Deildartunguhvers

TAFLA 4: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
BR18		1980	4 80,80*	71 67,25	N99°A	Við rústir Geirshlíðarkots
BR19		1980	82,25*	63,50	N114°A	Um 50 m norðan bæjar að Hrísum
Skilmannahreppur:						
BS 1	LE-2	1976	4 52,55	71 31,65	N88°A	Miðhús, 300 m norðan bæjarhúsa
BS 2	LE-3	1976	55,00	32,40	N68°A	Innríhólmur, um 700 m norðan bæjar
BS 3	LE-4	1976	57,80	33,80	N55°A	Kúludalsá, norðan þjóðvegur
BS 4	LE-5	1976	56,55	32,75	N68°A	Hólabrú
BS 5	LE-7	1976	50,55	34,45	N14°A	Um 1 km norðaustan við Garða
BS 6	LE-27	1976	54,05	31,80	N68°A	Um 300 m norðaustan við Gerði
Skorradalshreppur:						
BSD 1	A-9	1977	4 74,45*	71 55,10	N116°A	Um 100 m norðan Stóru-Drageyri
BSD 2	A-11	1977	85,20	50,65	N130°A	Um 1,1 km norðavestan Fitja
BSD 3		1980	87,30	49,15	N126°A	Um 100 m austan við Sarp
BSD 4		1980	81,95*	53,20	N128°A	Háafell, 130 m vestan bæjar
BSD 5		1981	70,90*	58,25	N101°A	Grund, 220 m norðan bæjarhúsa
BSD 6		1981	89,80	48,90	N104°A	Um 500 m austan Efstabæjar

TAFLA 5: Staðsetning Schlumberger-viðnámsmælinga í Mýrasýslu.

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
Arnarvatnsheiði:						
MA 1		1982	5 19,55*	71 95,80	N80°A	Sunnan Úlfsvatns
MA 2		1982	15,80*	99,15	N86°A	Skammt sunnan Urðhæðaskála
MA 3		1982	26,10*	96,65	N73°A	Álftakrókar, 500 m norðan skála
MA 4		1982	16,80*	89,20	N49°A	Þorvaldsháls, við Núpdælavað
Borgarhreppur:						
MB 1	MU-3	1974	4 62,60*	71 72,85	ANA-VSV	Við veg að Valbjarnarvöllum
MB 2	MU-4	1975	65,90*	73,00	N23°A	Gljúfurá, um 900 m sunnan bæjar
MB 3	A-7	1977	57,85*	62,70	N42°A	Við Brautarholt
Hraunhreppur:						
MH 1	A-8	1977	4 42,25*	71 68,15	N26°A	Um 500 m norðvestan Hamra
MH 2		1981	49,70*	85,30	N10°A	Hítardalur, um 2 km sunnan bæjar
MH 3		1981	47,10*	81,90	N66°A	Um 1 km norðvestan Staðarhrauns
MH 4		1981	50,55*	90,60	N4°A	Hítardalur, um 4 km innan bæjar
Hvítársíðuhreppur:						
MHV 1		1980	4 97,90*	71 76,25	N76°A	Í túni, 400 m norðan Bjarnastaða
MHV 2		1980	5 02,30*	78,05	N67°A	Um 500 m vestan Kolsstaða
MHV 3		1980	4 85,85*	76,45	N91°A	Við gil 500 m austan Þorgautsstaða
MHV 4		1982	99,75*	86,35	N40°A	Kjarrárdalur, Gilsbakkasel
MHV 5		1982	5 05,10*	85,65	N27°A	Suðaustan Hólmavatns
Norðurárdalshreppi:						
MN 1		1981	4 75,00*	71 84,20	N70°A	Brekka, um 150 m vestan bæjar
MN 2		1981	72,20*	82,85	N46°A	Við norðurenda Hreðavatns
MN 3		1981	76,65*	83,50	N20°A	Glitsstaðir, 800 m norðan bæjar
MN 4		1981	77,00*	89,20	N156°A	Meðfram Þjóðvegi í Bjarnadal
MN 5		1982	86,00*	93,95	N6°A	Meðfram heimreið að Sanddalstungu
Stafholtstungnahreppur:						
MS 1	MU-1	1974	4 69,35*	71 74,25	NA-SV	Munaðarnes, við orlofsbústaði
MS 2	MU-2	1974	71,25*	74,05	NNA-SSV	Varmaland við hverasvæði
MS 3	MU-5	1975	71,45*	77,55	N30°A	Við Norðurá, austan Litlaskarðs
MS 4	MU-6	1975	71,15*	74,50	N27°A	Um 600 m norðvestan Varmalands
MS 5	MU-7	1975	72,25*	79,50	N14°A	Við Laxfoss í Norðurá
MS 6		1980	72,65*	70,30	N152°A	Um 250 m austan við Neðranes
MS 7		1980	69,70*	70,60	N28°A	Við heimreið að Hofsstöðum

TAFLA 5: framhald

Mæling nr.	Hét áður	Ár	AMS-hnit		Stefna straumarms	Staðarlýsing
			Lengd	Breidd		
MS 8		1980	4 71,45*	71 72,85	N34°A	Við Stafholtsveggi
MS 9		1980	74,35*	75,20	N42°A	Um 200 m austan Hjarðarholts
MS10		1980	76,15*	74,60	N29°A	Um 100 m norðan Lundahvers
MS11		1980	77,75*	72,85	N39°A	Sólbakki, 50 m vestan bæjar
MS12		1978	92,80*	81,30	N175°A	Kjarrárdalur, innanverður
MS13		1978	85,70*	80,95	N64°A	Selhagi, að húsabaki
MS14		1981	75,95*	70,90	N36°A	1,4 km sunnan Kaðalsstaða
MS15		1982	89,60*	81,70	N96°A	Kjarrárdalur, við Síðumúlasel
MS16		1983	80,20*	78,05	N149°A	Um 1 km vestan við Guðnabakka
Þverárhliðarhreppur:						
MP 1		1980	4 79,35*	71 81,25	N52°A	Í túni rétt neðan Höfða
MP 2		1981	85,75*	85,25	N48°A	Litla-Þverá, innan Hermundarstaða
MP 3		1982	90,70*	87,80	N80°A	Litla-Þverá við Grjóthól
MP 4		1982	83,70*	82,20	N40°A	Helgavatn, norðan við hveru
MP 5		1983	74,35*	77,60	N53°A	Við veg, 250 m austan Hallar





III. HLUTI





VIÐNÁMSMÆLIFERLARNIR OG EINVÍÐ TÚLKUN ÞEIRRA





III. HLUTI





VIÐNÁMSMÆLIFERLARNIR OG EINVÍÐ TÚLKUN ÞEIRRA





HÖFUDBORGARSVÆÐIÐ






























































































































































































KJÓSAHREPPUR























ÞINGVALLAHREPPUR
















BORGARF JARÐARSÝSLA

Andakílshreppur



























Hvalfjarðarstrandarhreppur





















Innri-Akraneshreppur

















Leirár- og Melahreppur
















































Lundarreykjadalshreppur






































Skilmannahreppur









Skorradalshreppur








MÝRASÝSLA





Arnarvatnsheiði




Borgarhreppur








Hraunhreppur













Norðurárdalshreppur













Stafholtstungnahreppur









Þverárhliðarhreppur

